

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fljótsdalshérað Tjarnarland



Dags eftirlits	1.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Fljótsdalshérað	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4810043220	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Freyr Ævarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru staðfest við eftirlit varðandi verklag, umgengni og endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Helga Hreinsdóttir.

Eftirlitið í ár var tvískipt, þ.e. farið var á vettvang með fulltrúa sveitarfélagsins í byrjun október en eftirlitið svo svo klárað á skrifstofu sveitarfélagsins 5. nóvember sl. þar sem farið var yfir gögn og spurningum svarað.

Við skoðun á vettvangi urðunarstaðarins kom m.a. eftirfarandi fram:

- Við aðkomu voru hlið lokuð og læst.
- Urðunarreinar voru þrjár, þ.e. fyrir lífrænan úrgang, heimilisúrgang og grófan úrgang.
- Rein fyrir lífrænan úrgang var vel hulin. Engin lykt var og engin fita var sjáanleg, hvorki við reinina né á yfirborðsvatni í skurðinum neðan við innrennsli sigvatns frá urðunarhólfinu.
- Úrgangur var sýnilegur í reinum fyrir heimilis- og grófan úrgang. Mátti meðal annars sjá plastkór og óunnið timbur.
- Ummerki voru um fé á svæðinu. Svæðið er mjög stórt en á einum stað, sunnan við urðunarsvæðið, var girðingin löskuð og hugsast getur að fé hafi komist þar inn á svæðið.
- Á svæðinu voru hlutir í geymslu, m.a. gamall bíll, málmhlutir, girðingapartar, heybaggar o.fl.
- Við skoðun mátti sjá laust fokefni á yfirborði lands sem var komið í rétta hæð og búið að sá í.
- Frárennissýni voru tekin í eftirlitsferðinni úr sýnatökubrunnum fyrir ofan og neðan urðunarstaðinn og úr Lagarfljótinu fyrir ofan og neðan við innrennsli úr fráveituskurðinum. Rætt var að setja þarf lok á alla sýnatökubrunnanna og lagfæra kassa við rennismæli, hann hefur skekkst. Sýnatökuskýrsla dags. 6.11.2018 sem sýnir niðurstöður sýnatöku hefur verið send til rekstraraðila og Umhverfisstofnunnar (UST).

Á skrifstofu Fljótsdalshéraðs kom m.a. eftirfarandi fram:

- Skýrslur skv. gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi vegna ársins 2017 hafa verið sendar til UST. Afrit af skýrslum hafa ekki verið sendar á Heilbrigðiseftirlitið.
- Umhverfismarkmið skv. gr. 2.1 í starfsleyfi var til í gögnum rekstraraðila. Um var að ræða skjal frá Verkís sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 6.6.2018. Fulltrúi rekstraraðila var ekki viss hvort að umrætt skjal hefði verið sent á UST á sínum tíma en skv. starfsleyfi, gr. 2.1., hefði umhverfismarkmiðin átt að liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2015 og þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti.
- Viðbragðsáætlun, þ.e. áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfseminni, skv. gr. 2.4 í starfsleyfi var til í gögnum rekstraraðila. Var hún tiltæk í umsókn um starfsleyfi til UST frá 16.11.2012.

Undanþága er frá söfnun hauggass og mælinga á hauggasi skv. gr. 3.4 í starfsleyfi.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 1.2 í starfsleyfi	Á urðunarsvæðinu var nokkuð um hluti í geymslu. Ath. að urðunarstaðir eru ekki ætlaðir til langtímageymslu. Þeir hlutir sem ekki er áætlað að urða skal flytja af svæðinu og ef við á koma til endurvinnslu.
gr. 2.1 í starfsleyfi	Ummerki voru um fé á urðunarsvæðinu. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu.

gr. 2.1 og 3.1 í starfsleyfi

Laust fokefni var um svæðið, m.a. á svæði sem var komið í rétta hæð og búið að sá í. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og koma veg fyrir fok úrgangsefna.

gr. 2.10 í starfsleyfi

Hreinsa þarf burt plast, timbur o.fl. úr urðunarrein fyrir grófan úrgang og koma því til endurvinnslu. Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og endurnýtingu úrgangs eins og kostur er.

ANNAÐ

Rekstraraðili er minntur á að senda afrit af skýrslum, áætlunum o.fl. til Heilbrigðiseftirlitsins, sem og að senda Umhverfisstofnun umhverfismarkmiðin fyrir urðunarstaðinn ef það hefur ekki þegar verið gert.

14.12.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsson

